

# FERÐAVENJUKÖNNUN LANDSPÍTALA 2018

Ferðir starfsmanna  
Rekstarsvið og mannauðssvið  
Júlí 2018

# FRAMKVÆMDALÝSING

## Stærð úrtaks og svörun

Úrtak:	1000
Raunúrtak:	971
Fjöldi svarenda:	387
Pátttökuhlutfall:	40%

## Lýsing á könnun

Framkvæmd: Rekstrarsvið og mannauðssvið Landspítala

Markmið: Að þekkja betur venjur og hindranir v/ferða starfsmanna Landspítala til og frá vinnu og á vinnutíma

Framkvæmdatími: 5. apríl- 30. apríl 2018

Aðferð: Valið var tilviljunarkennt úrtak 1000 starfsmanna Landspítala af um 5400 starfsmönnum. Starfsmenn í úrtaki fengu tölvupóst með hlekk á sín svör. Starfsmenn fengu áminningu í tölvupósti og skilaboð í gegnum Workplace með hlekk á sín svör. Könnunin var framlengd um nokkra daga. Við úrvinnslu var leiðrétt fyrir starfsmönnum sem voru hættir.


Í niðurstöðunum eru svör borin saman við fyrri ferðavenjukannanir starfsmanna Landspítala 2014 og 2016.

## HELSTU NIÐURSTÖÐUR

- Hlutur vistvænni samgangna í ferðamáta starfsmanna dregst saman á milli ára, að vetrarlagi minnkar úr 24% (2016) í 22% (2018) en voru 16% 2014; að sumarlagi minnka þær úr 38% (2016) í 32% (2018) en voru 25% 2014.
- Munur er á algengasta vistvæna ferðamátanum milli aldurshópa; hjá tveimur yngstu (20-39 ára) er strætó algengastur, hjá 40-69 ára eru hjól algengust en göngur/ hlaup hjá elsta hópnum (70-79 ára).
- Hjá þeim sem gætu hugsað sér að nota annan ferðamáta eru hjólin enn algengust en strætó vinnur á, fer úr 9% (2016) í 13% (2018).
- Þær hindranir sem starfsmenn nefna helstar til að breyta yfir í vistvænan ferðamáta er að það taki of langan tíma að taka strætó, þeir þurfi að sinna ýmsum erindum og vont veður, sem er þó á undanhaldi sem hindrun.
- Lítilsháttar aukning er á fjölda þeirra sem hafa gert samgöngusamning og er ánægja með samninginn þó hún sé minni en árið 2016. Almennt telja starfsmenn að samningurinn hafi góð áhrif á heilsu og líðan.
- Starfsmenn sem ferðast reglulega á vinnutíma fækkar sem og tíðni slíkra ferða. Starfsmenn fara í vinnutengdar ferðir með ýmsum hætti. Þeir sem ferðast oftast á eigin bíl og fá ekki borgað fækkar aðeins og nýnæmi er að farnar eru vinnutengdar ferðir á deilibíl (tilraunaverkefni á Hringbraut og Fossvogi).
- Þegar spurt er um aðstöðu eru litlar breytingar á milli ára, starfsfólk er óánægt með bílastæði, aðstöðu fyrir hjól og aðstöðu til að þurrka og geyma föt og sturtuadstöðu. Þegar spurt er um hvaða aðgerðir myndu hvetja mest til vistvænna samgangana er samgöngusamningur áfram í efsta sæti en lækkar þó aðeins, góð kjör á vörum og þjónustu tengt vist- og heilsuvænum ferðamátum, bætt aðstaða fyrir hjól í læstum skýlum og aukin tíðni ferða strætó til og frá vinnustað skipta líka máli (fara úr 31% í 37% á milli ára).
- Í fyrsta sinn er spurt um rafbíla og deilibíla. Athyglisvert er að 7% starfsmanna segjast aka á rafbíl til vinnu og 27% starfsmanna telja það líklegt að þeir aki á rafbíl til vinnu á næstu 2 árum. Þegar starfsmenn eru spurðir um hversu líklegt það er að þeir nýti sér deilibílaþjónustu væri hún aðgengileg eru 18% sem telja það líklegt.
- Ánægja í starfi er svipuð á milli kannana.
- Áhugavert er hversu margir svarenda (30%) sáu ástæðu til að koma á framfæri hugmyndum eða athugasemdum um samgöngumál. Það helsta sem brann á starfsmönnum var ánægja með samgöngusamning en líka óskir um endurskoðun á fyrirkomulagi hans. Margir ítrekuðu mikilvægi þess að bæta aðstöðu fyrir hjólandi, bæði skýli og búninga- aðstöðu og margir kvörtuðu yfir bílastæðum. Starfsmenn nefndu einnig bættu þjónustu strætó, hleðslustöðvar fyrir rafbíla, samkeyrslu starfsmanna til og frá vinnu og bættu skutluþjónustu.


# FERÐAMÁTI - VETUR

Hvernig ferðaðist þú oftast til og frá vinnu í vetur?




# FERÐAMÁTI - SUMAR

Hvernig ferðaðist þú oftast til og frá vinnu síðastliðið sumar?




# FERÐAMÁTI - ALDUR



Hvernig ferðaðist þú í og úr vinnu í **vetur**?  
Munur á aldurshópum




Hvernig ferðaðist þú oftast til og frá vinnu **síðastliðið sumar**?  
Munur á aldurshópum



# HEFUR ÞÚ GERT SAMGÖNGUSAMNING VIÐ LANDSPÍTALA?




## GÆTIR ÞÚ HUGSAÐ ÞÉR AÐ NOTA EINHVERN ANNAN FERÐAMÁTA OFTAR EN ÞÚ GERIR NÚ (TIL OG FRÁ VINNU)?






## HVAÐA FERÐAMÁTA GÆTIRÐU HELST HUGSAÐ ÞÉR AÐ NOTA OFTAR (TIL OG FRÁ VINNU)?



*Svör þeirra sem svara fyrri spurningu jákvætt, já ég gæti hugsað mér að nota annan ferðamáta en ég geri til og frá vinnu*


# FERÐAMÁTI - HINDRANIR

Hvað er það sem hindrar að þú notir ofangreindan ferðamáta oftar (til og frá vinnu)?




*Svör þeirra sem svara fyrri spurningu jákvætt, já ég gæti hugsað mér að nota annan ferðamáta en ég geri til og frá vinnu*

## HEFUR ÞÚ GERT SAMGÖNGUSAMNING VIÐ LANDSPÍTALA?




## ÉG ER ÁNÆGD/UR MEÐ SAMGÖNGUSAMNINGINN?




## SAMGÖNGUSAMNINGUR – ÁHRIF Á HEILSU

Ég tel að samgöngusamningurinn hafi haft góð áhrif á heilsu mína og líðan




## MÉR FANNST MJÖG AUÐVELT AÐ UPPFYLLA SKILYRÐI SAMGÖNGUSAMNINGSINS (60% FERÐA MEÐ VISTVÆNUM HÆTTI)




## VINNUTENGÐAR FERÐIR Á VINNUTÍMA

Þarftu reglulega að ferðast á vinnutíma til að sinna vinnutengdum erindum?





## TÍÐNI VINNUTENGDRAR FERÐA



*Svör þeirra sem svara þurfa að ferðast á vinnutíma til að sinna vinnutengdum erindum*







## FERÐIR Á VINNUTÍMA







*Svör þeirra sem svara þurfa að ferðast á vinnutíma til að sinna vinnutengdum erindum*

## FERÐIR Á VINNUTÍMA







*Svör þeirra sem svara þurfa að ferðast á vinnutíma til að sinna vinnutengdum erindum*

## FERÐIR Á VINNUTÍMA




*Svör þeirra sem svara þurfa að ferðast á vinnutíma til að sinna vinnutengdum erindum*

## AÐSTAÐA




## AÐSTAÐA


Hversu ánægð(ur) ertu með aðstöðu fyrir hina ýmsu ferðamáta á þínum vinnustað?  
Aðstöðu til að þurrka fót




Hversu ánægð(ur) ertu með aðstöðu fyrir hina ýmsu ferðamáta á þínum vinnustað?  
Göngu- og hjólastíga við vinnustaðinn




Hversu ánægð(ur) ertu með aðstöðu fyrir hina ýmsu ferðamáta á þínum vinnustað?  
Bílastæði



Hversu ánægð(ur) ertu með aðstöðu fyrir hina ýmsu ferðamáta á þínum vinnustað?  
Aðgengi að deilibíl (Zipcar)




## VISTVÆNN FERÐAMÁTI - HVATNING




## RAFBÍLAR

2018: Ekur þú á rafbíl til vinnu?




2018: Hversu líklegt eða ólíklegt er að þú akir á rafbíl til vinnu á næstu 2 árum?




## DEILIBÍLAR

2018: Hversu líklegt eða ólíklegt er að þú nýtir þér deilibílaþjónustu (e. Zipcar) væri hún aðgengileg?





## ÁNÆGJA Í STARFI



## HUGMYNDIR STARFSMANNA

- Aðstaða fyrir hjólandi
  - Aðgangsstýrð og yfirbyggð hjólageymsla, Hringbraut og Grensás sérstaklega nefnt
  - Bætt búningsaðstaða, læstir skápar og þurrkaðstaða
  - Bætt aðgengi fyrir hjólandi og gangandi á Hringbraut
- Samgöngustyrkur
  - Hækka styrk
  - Lausn fyrir starfsmenn sem koma langt að
  - Tilkynna þegar samgöngusamningur rennur út
  - Afla sérkjara/ afslátta á hjólum og búnaði

## HUGMYNDIR STARFSMANNA

- Bílastæði
  - Fjölga bílastæðum
  - Bæta umferðaljósastýringu frá bílastæði og út á Hringbraut
  - Hvetja starfsmenn til að leggja lengra frá fyrir gesti
  - Bæta merkingar og skilgreina stæði fyrir gesti og starfsmenn, t.d. svo ferðamenn séu ekki að leggja í stæðin
  - Malbika plön, bæta lýsingu við stæði og tryggja öryggi gangandi vegfarendum
  - Gera bílastæði fyrir fatlaða meðfram hjúkrunarskólanum/Eirbergi
  - Færa bílastæði fjær spítalanum og gera umhverfið vinalegra

## HUGMYNDIR STARFSMANNA

- Fjarbúnaður
  - Koma lagi á fjarfundabúnað, t.d. Í Blásölum
- Strætó
  - Tíðari ferðir
  - Stoppistöðvar nær
- Rafbílar og hlöður
  - Hlöður fyrir bíla
- Deilibíll/ Zipcar
  - Zipcar í Fossvogi
  - Fá aðgang að deilibíl til að fara á milli starfsstöðva og HÍ
- Samkeyrsla
  - Bjóða upp á samkeyrslu og að það sé metið að verðleikum, bílastæði nær
  - Bjóða upp á rútuferðir til vinnu
- Merkingar
  - Leiðbeiningar fyrir erlenda ferðamenn
- Rafhjól
  - Bjóða upp á rafhjól fyrir starfsmenn